

**Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-nóvember 2013**

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu ellefu mánuði ársins 2013 liggur nú fyrir. Staða handbærs fjár frá rekstri batnaði miðað við sama tímabil 2012 og var neikvætt um 28,1 ma.kr. en var neikvætt um 51,1 ma.kr. 2012. Tekjur jukust um 38,4 ma.kr. milli ára og gjöld um 22,3 ma.kr. Viðskiptahreyfingar höfðu jákvæð áhrif á handbært fé um tæpa 4 ma.kr. á móti neikvæðum áhrifum 2012 um rúma 3 ma.kr.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-nóvember 2013 (m.kr.)

	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>	<u>2013</u>
Innheimtar tekjur	367.629	411.780	399.408	442.559	480.966
Greidd gjöld	483.921	471.321	471.694	490.637	512.967
Tekjujöfnuður	-116.291	-59.541	-72.286	-48.078	-32.001
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-6.533	-13.116	2.136	-3.004	3.923
Handbært fé frá rekstri	-122.824	-72.657	-70.150	-51.082	-28.078
Fjármunahreyfingar	35.860	10.459	65.863	-29.243	-19.201
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-86.964	-62.198	-4.287	-80.325	-47.279
Afborganir lána	-99.172	-149.930	-176.387	-210.752	-92.581
Innanlands	-72.823	-81.865	-88.840	-53.220	-87.684
Erlendis	-26.349	-68.065	-87.547	-157.532	-4.897
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-186.136	-212.128	-180.674	-291.752	-139.860
Lántökur	172.862	322.979	276.978	226.567	61.750
Innanlands	165.302	194.421	150.388	91.940	82.335
Erlendis	7.560	128.557	126.590	134.627	-20.585
Breyting á handbæru fé	-13.274	110.851	96.304	-64.510	-78.110

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 481 ma.kr. á fyrstu 11 mánuðum ársins sem er 8,7% aukning frá sama tímabili í fyrra. Af innheimtum tekjum voru skatttekjur og tryggingagjöld, sem eru rúm 90% teknanna, samtals 430,1 ma.kr. sem er 5,5% meira en fyrir ári síðan en 1,9 ma.kr. eða 0,4% undir áætlun fjárlaga eins og þau voru samþykkt í árslok 2012.

Innheimta tekjuskatts einstaklinga tímabilið janúar-nóvember var 2,1% yfir áætlun fjárlaga og nam 98,1 ma.kr. sem er 7,7% aukning frá sama tímabili í fyrra. Tekjuskattur lögaðila nam 28,7 ma.kr. sem er 2,3% aukning frá því í fyrra og 5,6 ma.kr. eða 24,2% yfir áætlun. Skattur á fjármagnstekjur jókst um 24,6% frá fyrra ári og skilaði 20,8 ma.kr. á tímabilinu janúar-nóvember sem er 2,1% meira en áætlað var.



Tekjur ríkissjóðs janúar-nóvember 2011-2013

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2011	2012	2013	2011	2012	2013
Skatttekjur og tryggingagjöld	371.767	407.856	430.105	2,9	9,7	5,5
Skattar á tekjur og hagnað	122.909	135.850	147.562	1,0	10,5	8,6
Tekjuskattur einstaklinga	82.308	91.111	98.081	2,3	10,7	7,7
Tekjuskattur lögaðila	16.611	28.056	28.692	30,7	68,9	2,3
Skattur á fjármagnstekjur	23.990	16.683	20.789	-15,9	-30,5	24,6
Eignarskattar	8.534	12.754	12.968	20,6	49,5	1,7
Skattar á vöru og þjónustu	164.829	179.731	187.749	0,6	9,0	4,5
Virðisaukaskattur	106.801	116.689	122.768	-2,9	9,3	5,2
Vörugjöld af ökutækjum	2.400	3.835	4.122	68,7	59,8	7,5
Vörugjöld af bensíni	11.003	10.949	10.757	3,3	-0,5	-1,8
Skattar á olíu	5.955	6.311	6.533	1,7	6,0	3,5
Áfengisgjald og tóbaksgjald	13.947	14.861	15.643	4,2	6,6	5,3
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	24.724	27.086	27.926	9,6	9,6	3,1
Tollar og aðflutningsgjöld	6.131	6.606	4.722	5,4	7,7	-28,5
Aðrir skattar	9.275	13.427	15.055	25,5	44,8	12,1
Tryggingagjöld	60.089	59.488	62.052	8,1	-1,0	4,3
Fjárframlög	734	749	293	-3,8	2,1	-60,9
Aðrar tekjur	26.005	32.564	49.884	-13,0	25,2	53,2
Sala eigna	703	1.390	684	-	-	-
Tekjur alls	399.210	442.559	480.966	-3,0	10,9	8,7

Eignarskattar jukust um 1,7% á milli ára og námu samtals 13 ma.kr. sem er 6,5% minna en áætlað var í fjárlögum. Þar af nam auðlegðarskattur 7 ma.kr. sem er 4,4% undir áætlun og stimpilgjöld 3,6 ma.kr. sem er 4,5% undir áætlun. Neikvætt frávik í innheimtu auðlegðarskatts hefur verið nokkuð mikið undanfarið en hefur þó minnkað síðustu mánuði og mun halda áfram að ganga til baka út árið. Auðlegðarskattur jókst um 8,6% á milli ára og stimpilgjöld jukust um 16,8%. Erfðafjárskattur skilaði ríkissjóði 1,9 ma.kr. á fyrstu ellefu mánuðum ársins sem er 0,6 ma.kr. undir áætlun fjárlaga.

Skattar á vöru og þjónustu eru 5,7 ma.kr. eða 2,9% undir tekjuáætlun og námu samtals 187,7 ma.kr. sem er aukning um 4,5% frá sama tímabili í fyrra. Virðisaukaskattur vegur þyngst meðal veltuskatta en hann nam 122,8 ma.kr. á tímabilinu og er það aukning um 5,2% frá því í fyrra. Innheimtur virðisaukaskattur tímabilsins er 4,1 ma.kr. eða 3,2% undir áætlun fjárlaga. Almenn vörugjöld námu 5,1 ma.kr. sem er 16,2% undir áætlun, en tekjuaukning tengd breytingu á vörugjaldakerfinu á matvæli 1. mars sl. hefur ekki gengið eftir í samræmi við áætlun. Innheimta vörugjalda af ökutækjum jókst um 7,5% á milli ára og námu þau 4,1 ma.kr. sem er á áætlun. Innheimta vörugjalda af bensíni er 4,0% undir áætlun en þau námu 10,8 ma.kr. á tímabilinu sem er 1,8% minna en í fyrra. Tekjur af olíugjaldi námu 6,5 ma.kr. sem er 1,7% yfir áætlun og aukning um 3,5% frá sama tímabili í fyrra. Kolefnisgjaldið skilaði 2,8 ma.kr. á tímabilinu og er innheimta þess 2,5% minni en hún var fyrir sama tímabil í fyrra. Frávik kolefnisgjaldsins frá áætlun er neikvætt um 12,3% en



innheimta kolefnisgjalds er nokkuð breytileg milli mánaða vegna tveggja mánaða gjaldtímabils og endurgreiðslukerfis.

Tekjur af tóbaksgjaldi jukust um 14,5% frá því í fyrra og námu 5,4 ma.kr. sem er þó 7,3% minna en áætlað var. Tekjur af áfengisgjaldi jukust um 1% milli ára og námu 10,3 ma.kr. á tímabilinu sem er á áætlun. Tölur um áfengis- og tóbakssölu tímabilið janúar-nóvember sýna að sala á áfengi mæld í vínanda er svipuð í ár og í fyrra en sala á tóbaki hefur dregist saman að magninu til. Samdráttur í tóbakssölu þegar á heildina er litið reyndist vera rúmlega 9% en sala reyktóbaks hefur þó farið vaxandi á árinu.

Aðrir skattar námu 9,0 ma.kr. á tímabilinu sem er 2,7 ma.kr. eða 43,7% meira en áætlað var. Þar af nam útvarpsgjald 3,8 ma.kr., gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra 1,7 ma.kr og ýmsir skattar á atvinnurekstur 3,5 ma.kr. Tekjufærsla á viðbót við sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, sem lagður var á til þess að fjármagna sérstaka vaxtaniðurgreiðslu árin 2011 og 2012, skýrir nær alfarið þetta mikla jákvæða frávik¹. Tryggingagjöld námu 62,1 ma.kr. á fyrstu ellefu mánuðum ársins sem er 4,3% aukning frá því í fyrra en 3,0% undir áætlun fjárlaga. Almenna tryggingagjaldið nam 30,8 ma.kr. en atvinnutryggingagjaldið 17,7 ma.kr.

Aðrar tekjur á tímabilinu námu 50,9 ma.kr. en það er 1,7 ma.kr. eða 3,3% undir tekjuáætlun og 46,6% aukning frá sama tímabili í fyrra. Stærstu tekjuliðirnir eru annars vegar arðgreiðslur og hluti ríkissjóðs af tekjum ríkisfyrirtækja, sem námu 16 ma.kr. og hins vegar vaxtatekjur, sem námu 13,2 ma.kr. á fyrstu ellefu mánuðum ársins. Tekjur af veiðigjöldum námu 11,9 ma.kr. sem er 0,9 ma.kr. eða 6,8% undir áætlun fjárlaga. Þar af námu tekjur af almennu veiðigjaldi 4,7 ma.kr. og því sérstaka 7,2 ma.kr. Sala eigna hefur dregist saman um rúm 50% milli ára og nam 0,7 ma.kr. tímabilið janúar-nóvember.

Greidd gjöld námu tæpum 513 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 22,3 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 4,6%. Þróun á útgjöldum einstaka málaflokka var misjöfn en hér á eftir er frekari greining á breytingu á útgjöldum hvers málaflokks á milli ára og helstu þættir dregnir fram.

Gjöld ríkissjóðs janúar-nóvember 2011-2013

	2011	2012	2013	2012	2013
Vaxtagreiðslur	57.996	70.376	70.524	21,3	0,2
Almenn opinber þjónusta	42.040	43.207	45.881	2,8	6,2
Almannatryggingar og velferðarmál	126.831	123.001	123.760	-3,0	0,6
Heilbrigðismál	103.926	108.503	116.565	4,4	7,4
Efnahags- og atvinnumál	50.261	49.728	52.855	-1,1	6,3
Menntamál	42.412	45.092	47.388	6,3	5,1
Menningar, íþróttar og trúmál	14.450	14.706	16.052	1,8	9,2
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	17.833	19.314	19.729	8,3	2,1
Umhverfisvernd	4.314	4.525	4.755	4,9	5,1

¹ Í tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 2013 var ekki reiknað með umræddri viðbót vegna þess að greiðsla hennar hafði þegar farið fram í formi fyrirframgreiðslu á árinu 2012. Samkvæmt niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 2012 skal tekjufærslan eiga sér stað á álagningarári viðkomandi skatts, þ.e. á árinu 2013.



Varnarmál	1.221	942	1.035	-22,9	9,9
Húsnæðis-, skipulags- og veitumál	336	203	631	-39,7	211,3
Óregluleg útgjöld	10.072	11.040	13.792	9,6	24,9
Gjöld alls	471.694	490.637	512.967	4,0	4,6

Vaxtagjöld ríkissjóðs námu 70,5 ma.kr. og eru svipuð og 2012 sem er í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga námu 15,2 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 1,3 ma.kr. milli ára sem var í samræmi við það sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu námu um 30,7 ma.kr. og jukust um 1,3 ma.kr. á milli ára. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála námu 123,8 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega milli ára. Undir þennan flokk falla stórir bóталиðir og skýra þeir langstærstan hluta útgjaldanna. Útgjöld vegna lífeyristrygginga jukust um 4 ma.kr. milli ára og námu 56,1 ma.kr. á tímabilinu. Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð námu 11,3 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega á fyrra ári. Útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs námu 16,2 ma.kr. á tímabilinu og drógust saman um 4 ma.kr. milli ára sem er í samræmi við það sem gert var ráð fyrir. Greiddar vaxtabætur námu tæpum 9 ma.kr. og drógust saman um 6,1 ma.kr. sem skýrist með sérstökum tímabundnum vaxtaniðurgreiðslum sem greiddar voru út á árinu 2012 en ekki 2013. Þá námu greiddar barnabætur 10,4 ma.kr. og voru 2,7 ma.kr. hærri en á sama tímabili 2012. Útgjöld Fæðingaorlofssjóðs námu 7,7 ma.kr. og jukust um 475 m.kr. milli ára sem var í samræmi við það sem gert var ráð fyrir.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 116,6 ma.kr. og jukust um 8,1 ma.kr. milli ára. Útgjöld Landspítala námu 36,6 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 3,3 ma.kr. milli ára. Útgjöld Sjúkrahússins á Akureyri voru 4,5 ma.kr. og jukust lítillega á milli ára. Þá námu útgjöld heilbrigðisstofnana 13,9 ma.kr. og jukust um tæpan 1 ma.kr. milli ára. Útgjöld Sjúkratrygginga námu 28,9 ma.kr. og jukust um tæpan 1,6 ma.kr. milli ára og voru 1,7 ma.kr. umfram heimildir. Greiðslur til hjúkrunarheimila námu tæpum 18 ma.kr. á tímabilinu sem er aukning um tæpar 300 m.kr. frá fyrra ári.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála jukust um 3,1 ma.kr. á milli ára og námu 52,9 ma.kr. Stærstu útgjaldaliðir þessa flokks eru útgjöld Vegagerðarinnar sem námu 17,1 ma.kr. og greiðslur til landbúnaðarframleiðslu sem námu samtals 11,4 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld til menntamála námu 47,4 ma.kr. á fyrstu ellefu mánuðum ársins og voru 2,3 ma.kr. hærri en á sama tímabili í fyrra. Útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna námu 8,2 ma.kr. og jukust lítillega milli ára en voru innan heimilda. Útgjöld Háskóla Íslands námu tæpum 10,8 ma.kr. á tímabilinu sem er aukning um tæpar 750 m.kr. frá fyrra ári. Útgjöld vegna annarra háskóla námu tæpum 6 ma.kr. og jukust lítillega á milli ára. Útgjöld til framhaldsskóla námu 20,2 ma.kr. og jukust um 1,1 ma.kr. á milli ára. Útgjöld til menningar- íþróttar og trúmála námu 16,5 ma.kr. á tímabilinu og jukust milli ára um 1,3 ma.kr. Helstu útgjaldabættir eru Ríkisútvarpið 2,9 ma.kr. og útgjöld til kirkju- og sóknamála samtals 4,7 ma.kr.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála námu 19,7 ma.kr. og jukust um 414 m.kr. milli ára. Stærstu útgjaldabættirnir eru útgjöld Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem



námu 3,3 ma.kr. og útgjöld Landhelgisgæslu Íslands sem voru 3,1 ma.kr. Útgjöld Ríkislögreglustjóra námu rúmum 1,2 ma.kr. og jukust lítillega milli ára. Útgjöld Héraðsdómstóla námu rúmum 1,2 ma.kr. og útgjöld Sérstaks saksóknara tæpum 1,1 ma.kr. Þá námu útgjöld Fangelsismálastofnunar ríkisins 1,3 ma.kr. og aukast lítillega milli ára. Útgjöld til umhverfisverndar námu 4,8 ma.kr. á tímabilinu sem er lítilsháttar aukning á milli ára. Helstu útgjaldaþættir málaflokksins eru útgjöld Endurvinnslunnar sem námu 1,4 ma.kr., útgjöld Umhverfisstofnunar sem námu 842 m.kr. og útgjöld Úrvinnslusjóðs sem námu 721 m.kr. Útgjöld til varnarmála námu 1 ma.kr. á tímabilinu og jukust um lítillega á milli ára. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála námu 631 m.kr. og jukust milli ára um 428 m.kr. Aukningin skýrist með útgjöldum vegna leiguíbúða að fjárhæð 404 m.kr. sem greiddust ekki á árinu 2012. Óregluleg útgjöld námu 13,8 ma.kr. og jukust um 2,8 ma.kr. á milli ára. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga námu 9,3 ma.kr. og jukust um 721 m.kr. milli ára og greiddur fjármagnstekjuskattur nam 4,3 ma.kr. og jókst um 1,8 ma.kr. milli ára.

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður var neikvæður um 47,3 milljarða króna við lok nóvember en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um tæpa 80,3 ma.kr. Í ár kom til greiðslu eiginfjárframlags til Íbúðalánasjóðs að fjárhæð 13 ma.kr.

Afborganir af innlendum lánum ríkissjóðs á fyrstu ellefu mánuðum ársins námu 87,7 milljörðum króna. Þar af eru 83 milljarðar króna vegna ríkisbréfa á gjalddaga. Greiddar erlendar afborganir námu að jafnvirði 4,9 milljörðum króna.

Á fyrstu ellefu mánuðum ársins hafði ríkissjóður gefið út skuldabréf á innlendum markaði fyrir um 92,8 milljarða króna. Á móti því nam lækkun á teknum stuttum lánum 10,4 ma.kr. Þá var endurmat gjaldeyrisreikninga neikvætt um 21 ma.kr. í lok nóvember vegna styrkingar krónu frá áramótum og erlend lántaka 0,4 ma.kr.